

**HEITT VATN****NOTKUN**

	<i>Verð án vsk.</i>	<i>Verð með 7% vsk.</i>
<b>Almenn notkun</b>		
Vatnsverð	109,84 kr/m <sup>3</sup>	117,53 kr/m <sup>3</sup>
Fast gjald	15.968 kr/ár	17.086 kr/ár

**Iðnaðarvatn**

Stærri notendur þar sem heitt vatn er notað sem beinn framleiðsluþáttur, geta sótt um að kaupa vatn á 25% verði.

**Annað**

Grunnverð fyrir sumarhús, fjárhús, hesthús og sambærileg hús er fast gjald - minnsta notkun á heitu vatni er 350 m<sup>3</sup>/ár.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af heitu vatni. Heimilt er að miða innheimtu skatts af heitu vatni við áætlaða sölu. Fjárhæð skatts af heitu vatni skal vera 2,0% af smásöluverði.

**HEIMLÖGN**

20 - 32 mm	234.545 kr.	250.963 kr.
40 mm	325.755 kr.	348.558 kr.
Breyting	samkvæmt kostnaði	

**KALT VATN****NOTKUN**

Vatnsverð	19,64 kr/m <sup>3</sup>
Fast gjald	
<i>Þvermál inntaks</i>	
Q 20-50 mm	12.290 kr/ár
Q 50 - 100 mm	21.507 kr/ár

**Iðnaðarvatn**

Stærri notendur þar sem kalt vatn er notað sem beinn framleiðsluþáttur, geta sótt um að kaupa vatn á 25% verði.

**HEIMLÖGN**

20 - 32 mm	169.435 kr.
40 mm	235.323 kr.
Breyting	Samkvæmt kostnaði

**ANNAÐ****Sameiginlegt**

	<i>Verð án vsk</i>	<i>Verð með 25,5% vsk.</i>
Álestur	1.301 kr.	1.633 kr.
Lokun (Vegna vanskila)	4.296 kr.	5.392 kr.
Ídráttarrör vantar eða ónothæft	8.252 kr/m	10.357 kr/m
Frostálag vegna heimlagnar	2.476 kr/m	3.107 kr/m
Innheimtugjald	233 kr.	292 kr.
<i>(þeir viðskiptavinir sem nota boðgreiðslur eða eru í beingreiðslu borga ekki innheimtugjald og fá ekki senda innheimtuseðla, en geta nálgast þá í heimabanka)</i>		

Greiða skal fyrir hverja heimlögn sem tengir húsveitu við dreifikerfi OH, og skal greitt þegar umsókn hefur verið samþykkt hjá OH. Afstöðumynd er sýnir allar lagnir skal fylgja umsókn.

Verðskrá miðast við að ídráttarrör fyrir heimlögn hafi verið lagt á frostfríu dýpi, frá tengistað OH við lóðamörk að inntaksstað mannvirkis, og frágangur hafi verið tekinn út og samþykktur af OH. Vanti ídráttarrör eða að ídráttarrör reynist ónothæft greiðist aukagjald samkvæmt “Annað, sameiginlegt”.

Rörastærðir sem lagðar eru að lóðarmörkum skulu vera:

Heitt vatn	110 mm.	Inntaksbeygja fyrir heitt vatn fæst afhent hjá OH.
Kalt vatn	50 mm.	
Gagnaveita OH	25 mm.	

Óski eigandi húsveitu eftir að heimlögn sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt “Annað, sameiginlegt”.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við heimlögn verði meira en 50% hærri en gildandi verðskrá segir til um, skal notandi greiða þann kostnað sem er umfram 50% samkvæmt nánari ákvörðun OH. Þetta ákvæði gildir einnig þegar heimlögn er stækkuð.

Þegar heimlögn er stækkuð, skal greiða fullt verð fyrir hina nýju heimlögn að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimlagnar, hvort tveggja miðað við gildandi verðskrá þegar breytingin fer fram. Heimilt er þó að lækka verðið, eða fella niður, þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati OH.

Húseigandi/notandi kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans, og greiðir fyrir það samkvæmt kostnaði.

Sé óskað eftir aukamæli á heimlögn skal staðsetja mælinn í sama rými og aðalmæli og sem næst inntaksstað.

Hámarksstærð heimlagnar fyrir heitt og kalt vatn samkvæmt verðskrá er 40 mm.

Óski notandi eftir stærri heimlögn en það, er gerður um það sérstakur samningur.

Við inntaksstað á heitu og köldu vatni skal vera niðurfall.

Gjalddagi reikninga er 15. hvers mánaðar og eindagi fyrsta næsta mánaðar.

Dráttarvextir reiknast eftir eindaga, frá gjalddaga.

Ofangreindar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um að villur geti leynst í tölum og texta.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.